

Biatain Sakral umbúðir		
Stærð	Magn	Vörunúmer
17x17	5 stk.	3483
23x23	5 stk.	3485

Nánari upplýsingar veita hjúkrunarfræðingar



Lyngháls 13, 110 Reykjavík
Sími: 520-4316 / 4326
Netfang: coloplast@icepharma.is



www.coloplast.dk

WC0036

Notendaleiðbeiningar



Biatain Sakral

Biatain



1. Ábendingar

1.1 Til meðferðar á þrýstingssárum á spjaldhrygg.

2. Notkunarleiðbeiningar: Biatain Sakral umbúðir

- 2.1 Hlíðarfilman á miðjum umbúðunum er fjarlægð (mynd 1).
- 2.2 Umbúðirnar brotnar saman til hálfis með því að halda um hanskavænu flipana þannig að svamppúðinn snúi að sárinu (mynd 2).
- 2.3 Svamppúðinn á að ná a.m.k. 1 sm út fyrir sárbarma allan hringinn.
- 2.4 Byrjað er á því að festa umbúðirnar neðst, næst endaparmsopi (mynd 3).
- 2.5 Hlíðarfilman á öðrum hanskavæna flipanum tekin af og slétt úr umbúðunum þannig að þær sitji vel og án fellinga. Endurtekið hinum megin (mynd 4).
- 2.6 Tryggja má betri festingu með því að hita límkantana með höndunum.
- 2.7 Límkantur umbúðanna má ekki fara fyrir endaparmsopið. Til að komast hjá því má klippa upp í límkantinn (mynd 5).

3. Umbúðir fjarlægðar

- 3.1 Umbúðir togaðar eftir húðinni í átt frá sárinu með annarri hendi. Á sama tíma skal halda um umbúðirnar með hinni hendinni. Þannig teygist á límkantinum og hann losnar frá húðinni án þess að særa hana.
- 3.2 Sárið skolað eftir þörfum (þar sem ekki myndast gel undir umbúðunum er ekki þörf á jafn ýtarlegri hreinsun og þar sem gel myndast undir umbúðunum).
- 3.3 Nýjar umbúðir settar á.

4. Athugasemdir

- 4.1 Ef þörf er á að hreinsa upp úr sári má nota umbúðirnar með **Purilon Geli**.
- 4.2 Umbúðirnar ber að fjarlægja fyrir langtíma geislameðferð.
- 4.3 Má ekki nota með hypoklorit lausnum (t.d. kloramin) eða vetnisperoxíði.
- 4.4 Má nota á sýkt sár undir eftirliti læknis eða hjúkrunarfræðings.
- 4.5 Ef vessar úr sárinu meira en umbúðirnar ráða við, eða umbúðirnar hafa verið of lengi á, getur polyurethan svampurinn losnað frá límkantinum. Þetta hefur enga þýðingu, en er ábending um að skipta ætti oftar um umbúðir á sárinu.

5. Geymsluskilyrði

- 5.1 Geymist lárétt við stofuhita.

Mynd 1



Mynd 2



Mynd 3



Mynd 4



Mynd 5

